

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 30. september 2024 í máli nr. 29/2024

Kæruneftndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Ýr Viðarsdóttir, Hildur Leifsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 3. mars 2024 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili telur að sófaborð sem hún keypti af varnaraðila hafi verið gallað og krefst þess að varnaraðila verði gert að afhenda henni nýtt borð eða endurgreiða henni kaupverð borðsins, 215.042 krónur. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kæruneftndinni

Með bréfi, dags. 5. mars 2024, var sóknaraðili beiðinn að uppfæra kvörtun sína. Með bréfi, dags. 9. apríl 2024, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar 12. júní 2024. Sóknaraðili lagði fram athugasemdir við andsvörum varnaraðila 24. júní 2024 og í kjölfarið lagði varnaraðili fram frekari athugasemdir 15. júlí sama ár.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda aðila, myndir, myndband, afrit af kvittun vegna kaupanna, afrit af skriflegum samskiptum aðila og afrit af skriflegum samskiptum varnaraðila og framleiðanda.

Með bréfi, dags. 24. september 2024, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili keypti sófaborð í verslun varnaraðila þann 24. október 2023 og greiddi 215.042 krónur fyrir. Sófaborðið er af gerðinni [...]. Í kvörtun sóknaraðila kemur fram að uppgefið verð fyrir borðið sé 252.990 en þar sem um sýningarvöru hafi verið að ræða hafi sóknaraðili fengið 15% afslátt þrátt fyrir að ekkert væri að borðinu. Þá hafi starfsmaður varnaraðila flutt borðið heim til sóknaraðila í eigin bifreið og notað teppi sem vörn yfir borðinu. Að sögn sóknaraðila hafi sonur hennar, sem vegur um 15 kg, stigið upp á borðið í eitt skipti og stuttu síðar hafi stór hluti af borðinu brotnað af þegar vatnskanna var lögð á borðið. Atvikið hafi gerst um tveimur mánuðum eftir kaupin. Sóknaraðili vísar til þess að borðið sé gert úr [...] steini sem eigi að þola mikla þyngd auk þess sem borðið sé dýr vara sem eigi að endast margar kynslóðir. Sóknaraðili kveðst hafa rætt við verkfræðing sem hafi haldið því fram að steinninn eigi að geta haldið svo lítilli þyngd í stuttan tíma og að hann teldi líklegt að sprunga hafi verið í borðinu miðað við hvernig brotið hafi litið út. Þá vísar sóknaraðili til þess að hún hafi haft samband við varnaraðila vegna þessa og sá starfsmaður sem hún hafi rætt við hafi verið viss um að borðið væri gallað. Sóknaraðili hafi í kjölfar málsins gert kröfu um að fá nýtt borð eða að gert yrði við borðið á kostnað

varnaraðila. Eigandi fyrirtækisins hafi hins vegar haldið því fram að borðið væri ekki haldið galla og ítrekað bent sóknaraðila á að leita í heimilistryggingu sína.

Varnaraðili bendir á að í samskiptum sínum við framleiðanda borðsins vegna málsins hafi sá síðarnefndi fullyrt að ekki væri um að ræða galla. Í því samhengi vísar varnaraðili til tölvupósts þar sem fram kemur að borðið sé úr [...] steini sem þurfi að meðhöndla af varkárni.

IV

Lagaumhverfi

Ákvæði 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) mæla fyrir um þau tilvik þegar söluhlutur telst haldinn galla við afhendingu í skilningi laganna. Í a. lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. nkpl. Ákvæði 15. gr. mælir fyrir um þá eiginleika sem söluhlutur á að búa yfir. Í 1. mgr. segir að söluhlutur skuli fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun. Samkvæmt a. lið 2. mgr. 15. gr. nkpl. skal söluhlutur „*henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til*“. Í b. lið 2. mgr. segir að söluhlutur skuli „*hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað*“. Í c. lið segir að söluhlutur skuli „*henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð* [...]“.

V

Niðurstaða

Sóknaraðili keypti sófaborð af gerðinni [...] þann 24. október 2023 og greiddi 215.042 krónur til varnaraðila. Um tveimur mánuðum eftir kaupin brotnaði borðið en sóknaraðili hefur gefið þær skýringar að sonur hennar, sem vóg um 15 kg, hafi stuttu áður stigið ofan á borðið og borðið brotnað þegar vatnskanna var lögð á sama svæði og stigið hafði verið á. Sóknaraðili telur að borðið hafi verið haldið galla við kaupin og vísar til þess að um dýra og endingargóða vöru sé að ræða. Sóknaraðili telur líklegast að sprunga hafi verið í borðinu og vísar til þess að borðið hafi verið útstillingarvara í verslun varnaraðila. Þá hafi starfsmaður varnaraðila flutt borðið óvarið heim til sóknaraðila. Sóknaraðili gerir aðallega kröfu um að varnaraðila verði gert að afhenda henni nýtt borð af sömu gerð en til vara að varnaraðila verði gert að endurgreiða henni kaupverð borðsins eða 215.042 krónur. Varnaraðili byggir á því að borðið sé ekki haldið galla og vísar til skýringa framleiðanda í því samhengi.

Varnaraðili hefur lagt fram tölvupóst frá framleiðanda, dags. 12. júlí 2024, þar sem fram kemur að það þurfi að meðhöndla [...] stein af mikilli varkárni og að borðið þoli ekki að barn standi á því. Þá hefur varnaraðili lagt fram tölvupóst frá varnaraðila þar sem fram kemur að tjónið verði ekki bætt af hálfu framleiðanda.

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort umrætt sófaborð hafi verið gallað við kaupin en sóknaraðili hefur meðal annars vísað til þess að um sé að ræða dýra og endingargóða vöru. Engin gögn hafa verið lögð fram sem benda til að sóknaraðila hafi verið sérstaklega kynnt meðhöndlun [...] steins. Hins vegar bendir kærunefndin á að eðli málsins samkvæmt verði ekki litið svo á að sófaborð séu venjulega notuð til þess að stíga á eða að sóknaraðili hafi mátt vænta þess að borðið myndi þola þunga 15 kg barns. Framlagðar myndir sýna að enginn stuðningur er við hornið sem brotnaði af borðinu og mati nefndarinnar er ljóst að sá hluti borðsins er sérstaklega viðkvæmur fyrir þunga. Undir rekstri málsins óskaði kærunefndin eftir að sóknaraðili

legði fram skriflegt álit frá verkfræðingi sem vísað er til í kvörtun en sóknaraðili varð ekki við beiðni nefndarinnar. Með vísan til framangreinds og skýringa sóknaraðila um aðdraganda atviksins telur kærunefndin ekki sýnt fram á að borðið hafi verið gallað í skilningi nkpl. Ber því að hafna kröfum sóknaraðila í málinu.

VI
Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X, er hafnað.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson